

Norðurþing  
Ketilsbraut 7-9  
640 Húsavík

27. apríl 2026, Selfoss  
UOS-3285/H.M.V

## Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávíka í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 12. desember 2025, þar sem fram kom að frávík hefðu verið skráð í eftirliti vegna urðunarstaðar Norðurþings við Kópasker þann 11. september 2025. Þann 18. desember 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### Frávikin eru eftirfarandi:

Frávík frá	Lýsing á frávíki
1) gr. 1.2	<p>Urðunarstaður Norðurþings við Kópasker hefur heimildir til urðunar á 500 tonnum af úrgangi á ári. Samkvæmt upplýsingum úr gagnagátt Umhverfis- og orkustofnunar voru urðuð 617 tonn á urðunarstaðnum í Kópaskeri árið 2024 eða um 117 tonn umfram heimildir starfsleyfis. (Uppfærð tala 680,10 tonn).</p> <p><i>Skv. rekstraraðila hefur magn úrgangs aukist vegna mikillar uppbyggingar fiskeldisstöðva á svæðinu. Mun Norðurþing bregðast við á þann hátt að hækka verulega gjaldskrá fyrir urðun á Kópaskeri og hefur fyrirtækjum á svæðinu verið bent á að leita nýrra förgunarleiða. Fyrirtæki eru einnig hvött til að koma á betri flokkun og hefur sveitarfélagið farið fram á það við stærri fyrirtæki að flokka úrganginn sinn betur til að auka hlutfall þess magns sem fer í endurvinnslu, á það m.a. við um timbur. Skv. rekstraraðila kemur einnig fram að Norðurþing áformar að jarðgera hreint timbur sem fellur til innan sveitarfélagsins, sem ein leið til að minnka umfangið. Rétt er að benda á að í því tilfalli að sækja um viðeigandi starfsleyfi fyrir jarðgerð eftir því sem við á sbr. gr. 6 laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. jafnvel þarf að hafa í huga skráningaskyldu á jarðvegsbætandi efnum hjá Matvælastofnun, eftir því sem við á.</i></p> <p>Rekstraraðila ber að gæta þess með auknu innra eftirliti að fylgjast með hvort stefni í að mörkum starfsleyfis sé náð hvað móttekið magn úrgangs varðar. Stefni í að farið sé yfir heimildir</p>

ber rekstraraðila að hafna úrgangi sem berst til urðunar og beina þeim í förgun í viðeigandi farveg. Áform rekstraraðila um að draga úr úrgangsmagni skv. framangreindri áætlun kemur líklega fyrst fram í uppgjöri úrgangsskráninga ársins 2026, þá í skráningum sem skila ber í síðasta lagi fyrir 1. maí 2027. Áætlun um úrbætur er samþykkt, með fyrirvara um að rekstraraðili fari að tilmælum sem koma fram hér að framan. Staða frávíksins verður metin við uppgjör skráninga ársins 2026 og geti rekstraraðili sýnt fram á að magn úrgangs sé innan heimildar starfsleyfis verður fráviki lokið. Ef úrbætur bera ekki árangur, og rekstraraðili fer yfir heimildir starfsleyfis, verður farið í eftirfylgni frá því sem horfir.

**Staða frávíks: opið.**

## 2) gr. 1.2

Heimilt er að geyma um 50 tonn af brotamálmi á hverjum tíma á urðunarstaðnum. Til staðar var úrgangur sem gera má ráð fyrir að þegar eftirlit fór fram, væri umfram þær móttökuheimildir starfsleyfis. Rekstraraðila ber að sjá til þess að fjarlægja verður allan úrgang af urðunarstaðnum sem er umfram það magn sem tilgreint er í starfsleyfi og að starfað sé innan heimilda ellegar þarf að sækja um breytingu á móttökuskilyrðum starfsleyfis.

*Skv. rekstraraðili mun sveitarfélagið ítreka við verktaka og umsjónaraðila svæðis að fylgja starfsleyfi eftir hvað söfnun og geymslu brotajárns varðar og fjarlægja uppsafnaðann úrgang af urðunarstaðnum. Skv. frekari upplýsingum frá rekstraraðila verður farið í að gera úrbætur á næstu dögum og verður stofnunin upplýst um stöðuna þegar þeim hefur verið lokið.*

Starfsleyfishafi ber ábyrgð á að kröfum starfsleyfis sé fylgt eftir og að sýnt sé fram á að allar kröfur séu uppfylltar. Sýni rekstraraðili fram á að búið sé að uppfylla kröfur leyfisins er hægt að loka frávíkinu og er það því opið. Verður frávikið tekið út við næsta eftirlit stofnunarinnar.

**Staða frávíks: opið.**

## 3) gr. 4.2

Rekstraraðili skal sjá til þess að aðgangur að athafnasvæðinu sé takmarkaður og að svæðið sé afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna. Umhverfis urðunarstaðinn eru girðingar í slæmu ásigkomulagi, þá sérstaklega austan megin við urðunarstaðinn.

*Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að sveitarfélagið muni viðhalda girðingunni, þó endurnýjun hennar bíði betri tíma vegna fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Rekstraraðili hefur fengið til*

*sín aðila í verkið, en ekki er gert ráð fyrir að farið verði í framkvæmd þess fyrir en frost er farið úr jörðu og snjóá leysir.*

Sýna skal fram á það að lagfæring hafi farið fram á girðingum þar sem aðgangur var opinn og óheftur inn á urðunarstaðinn. Sýni rekstraraðili fram á að búið sé að uppfylla kröfur leyfisins er hægt að loka frávikinu og er það því opið. Verður frávikið tekið út við næsta eftirlit stofnunarinnar.

**Staða fráviks: opið.**

**4) gr. 4.1**

Við eftirlit var ekki sýnt fram á fullnægjandi skráningar á mótteknum úrgangi. Rekstraraðili skal halda saman skrá yfir magn og tegundir úrgangs sem tekið er á móti. Skrá skal upplýsingar um uppruna úrgangsins, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrtæki ef um er að ræða heimilisúrgang og ráðstöfun úrgangs. Slíkar skráningar þurfa að vera aðgengilegar þegar eftirlit fer fram.

*Skv. rekstraraðila verður gengið úr skugga um að hafa umbeðin gögn tiltæk þegar eftirlit fer fram.*

Frávikið verður tekið út við næsta eftirlit stofnunarinnar.

**Staða fráviks: opið.**

**5) gr. 5.1**

Skráningum var ekki skilað varðandi tölul. 1, 2, 3, 4 og 5 vegna rekstrarársins 2024. Varða þær skráningar yfirlit yfir móttækinn úrgang, stöðu urðunarstaðar, sigmælingar og núllskráningar á því sem ekki á við um eftirfarandi rekstrarár (tölul. 2 og 5).

*Rekstraraðili lagði inn skráningar samhliða skilum á úrbótaáætlun. Í þeim koma fram upplýsingar varðandi skráningar innra eftirlits. Rekstraraðili mun koma á sigplötum með föstum GPS punktum fyrir sigmælingar á árinu 2026. Skv. rekstraraðila verður einnig bókhaldi og skráningum haldið til haga.*

Úrbætur á fráviki eru samþykktar. Rekstraraðili lagði fram frekari skráningar við skil á úrbótaáætlun. Eftirlitsaðili leggur til að farið verði yfir skráningar á stöðu urðunarstaðar í næsta eftirliti og farið yfir tækifæri á bættum skráningum.

**Staða fráviks, opið.**

**6) gr. 5.2**

Rennslismælingar úr Snartarstaðalæk koma ekki fram í skilum á vöktun úr innra eftirliti rekstraraðila.

*Skv. rekstraraðila verður bætt úr og framkvæmdar rennislismælingar í Snartarstaðalæk. Rekstraraðili hefur komið verktaka sem tekur að sér m.a. sýnatökur í málið og eiga þær að vera framkvæmdar á árinu 2026.*

Mikilvægt er að hafa í huga að það er ávallt á ábyrgð rekstraraðila að þekkja til ákvæðis starfsleyfis og uppfylla þær kröfur er varða vöktun og skráningar sem þar koma fram og sjá til þess að þeim sé einnig skilað. Áætlun um úrbætur er samþykkt og verður frávik lokið þegar niðurstöður liggja fyrir og berast til Umhverfis- og orkustofnunar.

**Staða fráviks: opið.**

**7) gr. 5.4**

Niðurstöðum skráninga sbr. gr. 5.1. í starfsleyfi ber að skila árlega, fyrir 1. maí ár hvert. Niðurstöðum á skráningum vegna ársins 2024 var ekki skilað.

*Skv. rekstraraðila hefur verklagi við skil á skráningum verið breytt hjá sveitarfélaginu.*

Gæta þarf þess að taka saman yfirlit yfir allar skráningar sem ákvæði eru um í starfsleyfi og að þeim sé skilað í ársyfirliti. Frávik verður lokið þegar fullnægjandi skráningum er skilað inn til Umhverfis- og orkustofnunar í ársyfirliti og fyrir 1. maí. Viðmið úrbóta miðast við skil á skráningum vegna ársins 2025 sem skila ber 1. maí 2026.

**Staða fráviks: opið.**

**8) 8. gr. rg. nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.**

Vökun bendir til þess að umhverfismarkmið vatnshlots umhverfis urðunarstaðinn við Kópasker náist ekki. Í brunni Kóp-G mælist olía = 46 mg/L (árið 2023 = 5 mg/L) en sá brunnur er viðmiðunarbrunnur og er staðsettur ofan vatnsstreymis að urðunarstað. Í Kóp-D mælist olía 16 mg/L (árið 2023 = <2 mg/L) og í Kóp-F mælist hún 27 mg/L (árið 2023 = 9 mg/L). Í yfirborðsvatni úr Snartastaðalæk mælist olía um 37 mg/L.

*Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila kom fram að mistök hafi verið gerð við framkvæmd sýnatökunnar þar sem fita/olía mældist á öllum stöðum þar sem sýni voru tekin, bæði á Kópaskeri og Húsavík. Kom fram að rekstraraðili óskaði eftir frekari upplýsingum frá verkaðila sem framkvæmdi sýnatökurnar, þar sem líkleg niðurstaða þykir að ílát sem nýtt voru í sýnatökurnar hafi verið óhreinar og hafi því ekki verið gætt að stöðluðu verklagi við sýnatökur hjá Norðurþingi. Skv. verkaðila eru niðurstöður á sýnatökum vegna ársins 2025 í samræmi við árin á undan þeim útgildum sem koma fram árið 2024.*

Þegar niðurstöður vöktunar 2025 eru rýndar og bornar saman milli ára þá eru vísbendingar um stígandi hækkun á mældum gildum olíu sem þarf að fylgjast vel með. Kröfur um leyfilegt magn olíu í fráveitu/útrás er sett fram mismunandi í lögum/reglugerðum eftir því hvað við á, en viðmiðið er að hámarki 15 ppm (mg/kg). Líta má á niðurstöður 2024 sem útgildi. Mikilvægt er að tryggja að vöktun í öllum holum náist og að sýnatökubrunnar séu til staðar og nógu djúpir og þeim einnig viðhaldið. Við skil á niðurstöðum vöktunar þarf skýrslan frá rannsóknastofu sem sá um efnagreininguna ávallt að fylgja með t.d. í viðauka (athuga fyrir skil 1. maí n.k.).

**Staða fráviks: lokið.**

## **Umhverfis og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Stofnunin bendir á að sinni rekstraraðili ekki tilmælum um úrbætur innan tiltekins tíma sem stofnunin setur, þá hefur stofnunin heimildir til að áminna rekstraraðila, leggja á rekstraraðila dagsektir eða stjórnvaldssektir sbr. 66. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 67. gr. laga nr. 7/1998 um mengunarvarnir og hollustuhætti. Við ítrekuð alvarleg brot hefur stofnunin jafnvel heimildir til að svipta rekstraraðila starfsleyfi ef þess er þörf.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

**Halla Margrét Viðarsdóttir**

sérfræðingur í teymi eftirlits

**Ágúst Már Sigurðsson**

lögfræðingur í teymi eftirlits